

Sp.

425. Nefndarálit

um till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað gaumgæfilega þáltill. á þskj. 164 og brtt. þm. Borgf. á þskj. 245. Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn (GJ, StgrA og ÞB) vill afgreiða tillöguna með rökstuddri dagskrá og mun skila sérstakri álitssgerð. Meiri hlutinn lítur hins vegar svo á, að Alþingi beri að láta í ljós vilja sinn um það, að ekki verði innheimt hærri afnotagjöld á árinu 1946 en innheimt voru á árinu 1945. Rök meiri hlutans eru fyrst og fremst þau, að rekstur útvarpsins er fullkomlega tryggður með sömu afnotagjöldum og verið hafa. En auk þess er líklegt, að tekjur útvarpsins af viðtækjaverzlun muni aukast verulega á þessu ári. Að sönnu munu uppi ráðagerðir um það að hefja á þessu ári stórbyggingu fyrir útvarpið. En meiri hl. er því móttfallinn og telur ekki fært að verja meiru en þegar er ákveðið með fjárlögum til annarra bygginga en íbúðarhúsa af því byggingarefni, sem fást mun flutt til landsins á þessu ári.

Meiri hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi orðalagi.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að á árinu 1946 verði ekki innheimt hærri afnotagjald hjá útvarpsnotendum en gert var á árinu 1945.

Alþingi, 14. febr. 1946.

Sigurður Kristjánsson, B. Kristjánsson. Guðm. Í. Guðmundsson.
frsm.
Skúli Guðmundsson. Helgi Jónasson. Pétur Ottesen.